til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefir hávaða í för með sjer eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins. Á höfnum, þar sem skip liggja eigi við bryggjur eða bólverk, er þó heimilt að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, þó eigi á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, og eigi heldur á kirkjustöðum frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis, þegar messað er á staðnum, nema brýna nauðsyn beri til.

Á öruggum höfnum, þar sem skip liggja við bryggjur eða bólverk, er bannað að ferma eða afferma skip, þar með talin fiskiskip og vjelbátar, á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, svo og á öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis. Þó mega strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, fá afgreiðslu. Það skal og yfir höfuð vera heimilt að vinna þau verk, sem eigi má fresta eða miða til þess að bjarga eða hjálpa öðrum, sem í hættu eru staddir eða eiga hana yfir höfði sjer.

2. gr.

Kaup og sala má eigi fara fram á helgidögum þjóðkirkjunnar í sölubúðum kaupmanna, kaupfjelaga nje annara sölumanna, og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Undanþegnar þessu banni eru:

1. Lyfjabúðir að því er lyfjasölu snertir.
2. Bifreiðastöðvar til fólksflutninga.
3. Brauð- og mjólkurbúðir að því er snertir sölu á brauði og mjólk.
4. Fiskbúðir.
5. Blaðaafgreiðslur.

Á götum, torgum og opnum svæðum í kaupstöðum og kauptúnum er einnig öll sala bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar. Undanþegin þessu banni er þó sala á fiski, blöðum, bókum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árd. og eftir kl. 3 síðdegis.

3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki á neinum almennum veitingastað halda veislur eða aðra hávaðasama fundi fyr en eftir miðaftan.

4. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda almennar skemtanir nje heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.

5. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýna nauðsyn beri til, halda sveitar- eða bæjarstjórnarfund, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiftafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýna nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafist af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

6. gr.

Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyr en um nónbil. Þá og þar, er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó því aðeins heimilt að halda almenna fundi samtímis, að þess sje gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænhúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

7. gr.

Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemtanir bannaðar eftir miðaftan.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 5–1000 kr., er renna í sveitarsjóð; auk þess má með dómi svifta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann þrisvar sinnum sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Nú virðist lögreglustjóra, að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá aðeins gefa þeim áminningu, er brotið hefir, og, ef þörf er á, gefa út almenna auglýsingu mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

10. gr.

Lög nr. 19, 6. nóv. 1897, um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, og lög nr. 47, 20. des. 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, svo og önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.